



Vesturbæjarskóli
VIRÐING · VELLÍÐAN · VELGENGNI

Skólanámskrá

Almennur hluti



Skólaárið 2019-2020

Skólanámskrá Vesturbæjarskóla

Útgefin 2019

Skólanámskrá er útgefin á rafrænu formi (pdf) og birt á heimasíðu skólans

Útgáfustaður: Reykjavík.

Ábyrgð: Margrét Einarsdóttir (skólastjóri Vesturbæjarskóla).

Útgefandi: Vesturbæjarskóli
Sólvallagötu 67
101 Reykjavík

Veffang: <http://www.vesturbajarskoli.is>

Efnisyfirlit

1. Vesturbæjarskóli.....	4
1.1 Starfsfólk.....	4
1.2 Meginmarkmið	5
1.3 Skóli án aðgreiningar	5
2. Samstarf heimilis og skóla	6
3. Skólastarfið	6
3.1 Skóladagurinn	6
3.2 Teymiskennsla	7
3.3 Kennsluaðstæður.....	7
3.4 Heimakrókur	7
3.5 Áætlun	8
3.6 Val.....	8
3.7 Útikennsla.....	8
3.8 Skólaípróttir	8
3.9 List- og verkgreinar	8
3.10 Réttindaráð.....	8
3.11 Frímínútur - Vinaliðir	9
4. Námsmat	9
4.1 Leiðsagnarnám	9
4.2 Sjálfsmat	9
4.3 Sýnishorn	10
4.4 Mikilvægir þættir.....	10
5. Grunnþættir menntunar.....	10

1. Vesturbæjarskóli

Vesturbæjarskóli er grunnskóli fyrir nemendur í 1. -7. bekk. Skólinn stendur við Sólvallagötu í vesturbæ Reykjavíkur og var stofnaður árið 1958. Var honum fundinn staður í bráðabirgðahúsnæði í gamla Stýrimannaskólanum að Öldugötu 23. Hönnun nýs skóla hófst í ársbyrjun 1984. Arkitekt var Ingimundur Sveinsson. Framkvæmdir hófust síðan 1986 á lóðinni á mótum Framnesvegar, Sólvallagötu og Vesturvallagötu, sem hafði verið frátekin fyrir skóla allt frá 1960. Haustið 1999 var tekin í notkun ný bygging sem gerði kleift að einsetja skólann. Haustið 2018 var tekin í notkun ný viðbygging en þá fagnaði skólinn 60 ára afmælinu sínu. Í Vesturbæjarskóla er leitast við að koma til móts við mismunandi þarfir einstaklingsins með því að bjóða upp á fjölbreytta kennsluhætti og námsefni. Ásamt því að leggja áherslu á einstaklingsbundna kennslu er leitast við að efla samvinnu nemenda með því að gefa þeim kost á að vinna saman og er samvinna árganga mikil. Skólinn starfar samkvæmt sveigjanlegum kennsluháttum þar sem lögð er áhersla á sveigjanlega stundaskrá, einstaklingsmiðað nám, mikið og náið samstarf kennara, blöndun árganga og stuðning inni í almennum bekkjum. Í Vesturbæjarskóla er áhersla lögð á að skapa nemendum þroskavænlegt- og námshvetjandi umhverfi og tengja list- og verkgreinar sem mest öðrum námsgreinum.

Í námskrá kemur fram það helsta sem nemendur læra á skólaárinu og eru unnar í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám og er námskrá því fyrst og fremst til viðmiðunar.

1.1 Starfsfólk

Skólastjóri: Margrét Einarsdóttir

Aðstoðarskólastjóri: Þóra Björk Guðmundsdóttir

Deildarstjóri stoðkennslu: Hrefna Birna Björnsdóttir

Deildarstjóri: Guðlaug Elísabet Finnsdóttir

Stoðkennsla: Edda Magnúsdóttir, Helga Agnarsdóttir

Umsjónarkennarar:

1. bekkur: Anna Jóhannesdóttir og Ingunn Jónsdóttir

2. bekkur: Ragnheiður Birgisdóttir, Sunna Guðmundsdóttir og Svanhildur Lilja Svansdóttir

3. bekkur: Arna Björk Gunnarsdóttir og Guðrún Linda Sverrisdóttir

4. bekkur: Elsa Ísfold Arnórsdóttir, Eva Lára Hauksdóttir og Bergdís Júlía Jóhannsdóttir

5. bekkur: Haukur Árnason og Ragnheiður Guðmundsdóttir

6. bekkur: Erna Guðríður Kjartansdóttir, Inga Kristín Skúladóttir og Svanhildur Einarsdóttir

7. bekkur: Guðrún Halla, Lilja Margrét Möller og Ingunn Thorarensen

Danska: Lilja Margrét Möller

Enska: Þóra Kristinsdóttir

Sjónlistir: Agnes Hansdóttir

Heimilisfræði: Jóhanna Dagbjört Magnúsdóttir

Hönnun og smíði: Björk Guðnadóttir

Textílmenn: Linda Húmdís Hafsteinsdóttir

Tónmennt: Vignir Rafn Hilmarsson

Íþróttir: Björn Björnsson og Elvar Daði Guðjónsson

Sund: Gunnar Vignir Guðmundsson og Björn Björnsson

1.2 Meginmarkmið

1. Að nemendum, starfsmönnum og foreldrum líði vel í skólanum.
2. Að kennsluaðferðir, námsefni og námsumhverfi sé miðað við áhuga, þroska og getu nemenda með það að markmiði að hver nemandi nái eins góðum árangri og kostur er.
3. Að efla frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og stuðla að skapandi hugsun og túlkun.
4. Að nemendur verði færir um að afla sér þekkingar og vinna úr henni á gagnrýninn hátt.
5. Að efla með nemendum félagsþroska, sjálfsaga og sjálfsvirðingu.
6. Að kenna nemendum tillitssemi í samskiptum, tjáskiptum og bera virðingu fyrir öðrum.
7. Að nemendur læri að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og meta verk sín og annarra.
8. Að temja nemendum víðsýni og efla skilning þeirra á eigin þjóðfélagi og annarra.
9. Að námsmarkmið séu skýr þannig að öllum sé ljóst hvaða kröfur skólinn gerir.
10. Að efla þátt foreldra í velferð barna sinna í skólanum m.a. með hlutdeild í setningu námsmarkmiða og mati á námsárangri barna sinna.
11. Að námsmat sé unnið jafnt og þétt, það sé leiðbeinandi, hvetjandi fyrir nemendur og upplýsandi fyrir foreldra.
12. Að nemendur læri að bera ábyrgð á námi sínu í samráði við foreldra sína og kennara og að meta eigin vinnu.
13. Að leggja áherslu á forvarnarstarf og heilbrigða lífshætti.
14. Að bjóða fjölbreytt tómsundastarf á vegum skólans.

1.3 Skóli án aðgreiningar

Í Vesturbæjarskóla eiga allir nemendur rétt á að stunda nám við sitt hæfi. Tækifærin eiga að vera jöfn óháð atgervi og aðstæðum hvers og eins. Í Vesturbæjarskóla ríkir viðhorf sem einkennist af virðingu fyrir rétti allra nemenda til virkrar þátttöku í starfi skólans óháð atgervi þeirra og stöðu. Menntun án

aðgreiningar er samfelld ferli sem hefur það að markmiði að bjóða upp á góða menntun fyrir alla þar sem borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Skólinn er með heildaráætlun um skipulag sérstaks stuðnings og móttökuáætlun fyrir nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda. Í upphafi hvers skólaárs liggur fyrir áætlun um kannanir og skimanir sem gerðar eru í hverjum árgangi. Nemendaverndarráð hittist á hálfsmánaðarfresti og fer yfir stöðu einstaka nemanda. Vesturbæjarskóli vinnur eftir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og hefur útfært janfréttisáætlun með hana til hliðsjónar.

2. Samstarf heimilis og skóla

Í skólanum er lögð áhersla á gott samstarf á milli heimilis og skóla. Ýmis verkefni eru unnin í samvinnu við heimilin með það að markmiði að efla hlut foreldra í velferð barna sinna í skólanum eins og heimaverkefni fjölskyldunna auk þess sem kennarar og nemendur bjóða foreldrum í morgunkaffi einu sinni til tvisvar á skólaári. Gert er ráð fyrir tveimur samráðsfundum á ári, þar sem nemandi, kennari og foreldrar skoða saman stöðu nemandans, koma sér saman um megin markmið og ábyrgð hvers og eins. Á haustin standa kennarar fyrir fundi með foreldrum þar sem starf vetrarins er kynnt og bekkjarfulltrúar valdir. Nemendur og foreldrar halda að jafnaði eitt bekkjarkvöld á önn en bekkjarfulltrúar stuðla einnig að félagsstarfi bekkjarins. Kennarar senda vikulega tölvupóst með upplýsingum og fréttum til foreldra. Foreldrar eru hvattir til að vera í reglulegum samskiptum við kennara.

3. Skólastarfið

Í skólanum er kappkostað við að efla sjálfstraust, samkennd og sjálfsaga nemenda og mótast vinnubrögð og kennsluáferðir af því. Ætlast er til að nemendur mæti stundvíslega í skólann og sýni virðingu og tillitsemi í samskiptum og metnað í námi.

3.1 Skóladagurinn

Skólinn opnar kl. 8:00 á morgnana og er þá boðið upp á gæslu í útistofu fyrir yngstu nemendurna. Þá er einnig hægt að fá sér hafragraut sem er í boði skólans og fyrir alla nemendur og eru foreldrar velkomnir. Morgunmatur er í boði frá 8:00-8:20.

Fyrsta lotan hefst kl. 8:30 og er mikilvægt að nemendur séu mættir inn í sínar stofur fyrir þann tíma. Lotan hefst í heimakrók þar sem gert er manntal og farið yfir skipulag dagsins með nemendum. Fyrsta lota stendur frá kl. 8:30-9:50. Í lok fyrstu lotu er nesti og eftir það frímínútur. Nemendur koma með með hollt nesti til dæmis ávexti, grænmeti og gróft brauð. Nemendur eiga að fara með allt rusl utan af nesti aftur heim. Mjólkurmiðar eru til sölu hjá ritara. Í fyrstu frímínútum er í gangi vinaliðaverkefni þar sem valdir nemendur í 4. – 7. bekk sjá um að skipuleggja leiki á skólalóð.

Önnur lota hefst kl. 10:10 og stendur til 11:30 hjá 1. – 4. bekk. Kl. 11:30-11:50 eru nemendur í 1. – 4. bekk í hádegismat og 11:50-12:20 í frímínútum. Önnur lota stendur til 12:10 hjá 5. – 7. bekk. Kl. 12:10 eru nemendur í 5. – 7. bekk í hádegismat 12:30 – 13:00 í frímínútum. Nemendur geta verið í mataráskrift sem greiðist um hver mánaðamót. Þeir sem vilja ekki verið í mataráskrift geta komið með nesti. Matartíminn er 20 mínútur og nemendur sjá um að ganga frá undir leiðsögn kennara í matsal.

Síðasta lotan hefst eftir hádegismat og frímínútur og lýkur skóladegi kl. 13:40 hjá 1. – 4. bekk og 14:20 hjá 5. – 7. bekk.

3.2 Teymiskennsla

Í Vesturbæjarskóla er leitast við að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda með því að bjóða upp á fjölbreytta kennsluhætti og námsefni. Lögð er áhersla á samvinnu nemenda og kennara með teymiskennslu. Teymiskennsla gefur kennurum tækifæri til að vinna saman að verkefnum í daglegu starfi og er ein leið til að ná betri árangri. Fagleg teymi gefa kennurum tækifæri til að þróa og læra í starfi. Skólaþróun snýst um að gera skólana að betri stað til náms og þroska fyrir nemendur og styrkja skólasamfélagið til að takast á við breytingar.

Markmið með teymiskennslu í Vesturbæjarskóla eru:

- Að styrkja nemendur félagslega og að þeir læri að takast á við breytingar.
- Að nemendur verði sjálfstæðir og ábyrgir í námi sínu og læri að vinna saman í fjölbreyttum hópum.
- Að nýta fjölbreyttar kennsluaðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir, þroska og getu nemenda í einstaklingsmiðuðu námi.
- Að bæta og auka samstarf starfsfólks með aukinni faglegri samvinnu og sameiginlegri ábyrgð.
- Að efla kennara í starfi og styðja við skólaþróun.
- Að skapa heildstæða kennslu árganga þannig að litið verði á árganginn sem eina heild.

3.3 Kennsluaðstæður

Hver árgangur hefur tvær til þrjár kennslustofur til umráða og fer það eftir fjölda nemenda. Nemendur sitja ýmist saman í þörum eða stærri hópum. Kennslugögn og ritföng eru til staðar fyrir alla nemendur.

3.4 Heimakrókur

Í öllum kennslustofum er heimakrókur þar sem skóladagurinn hefst með samverustund. Heimakrókur er einnig notaður m.a. til umræðna, til kynninga og við innlagnir verkefna.

3.5 Áætlun

Í Vesturbæjarskóla gera nemendur frá 3. bekk einstaklingsbundna námsáætlun. Nemendur fá leiðsögn og þjálfun í því að vinna eigin námsáætlanir þar sem þeir skipuleggja vinnu sína í sérstökum áætlunartímum undir leiðsögn kennara. Nemendur skrifa niður í sérstakar áætlunarbækur þau markmið eða efni sem þeir ætla að vinna yfir ákveðið tímabil. Markmið nemenda skal ávallt vera að ljúka áætlun í skólanum. Kennari fer yfir áætlunina með nemanda viku til hálfsmánaðarlega þar sem farið er yfir þau markmið og verkefni sem fyrir lágu og ný námsáætlun gerð. Ef nemandi nær ekki að ljúka áætlun í skólanum er farið yfir áætlunina, hvort hún hafi verið raunhæf og hvernig bæta megi árangurinn. Nemendur fara með áætlunarbókina reglulega heim ásamt verkefnum til að sýna foreldrum. Foreldrar kvitta og geta skrifað athugasemdir í þar til gerðan dálk í áætlunarbók. Kvittun foreldra fyrir áætlun er mikilvæg því hún stuðlar að samtali milli heimilis og skóla.

3.6 Val

Í Vesturbæjarskóla er löng hefð fyrir valtímum þar sem leitast er við að efla nemendur og hjálpa þeim að þroska vitsmuni sína og félagslega færni. Markmið þessara tíma er að gefa nemendum tækifæri til að vinna fjölbreytt verkefni sem reyna á sjálfstæði og sjálfsaga. Vinna á valsvæðum gerir kröfur um samskipti og samstarf þar sem tveir til þrjár árgangar blandast saman. Verkefnin eru skipulögð út frá markmiðum Aðalnámskrá grunnskóla og er jafnan lögð áhersla á tengingu við list- og verkgreinar.

3.7 Útikennsla

Í 1. – 4. bekk er reglulega útikennsla. Útikennsla gefur tækifæri til að nýta öll skynfæri með því að tengja viðfangsefni ýmsum þáttum námssviða og námsgreina. Nemendur þurfa að þekkja, skilja og virða náttúruna og næsta umhverfi sitt, manngert eða náttúrulegt. Nemendur læra að klæðast eftir veðri og undirbúa sig. Ratvísi, skipulag og stjórnun eru mikilvægir þættir sem nást fram með útivistarferðum.

3.8 Skólaíþróttir

Nemendur fara í skólasund í Vesturbæjarlaug og er hópum ekið til og frá skóla í laugina. Nemendum í hverjum árgangi er skipt í tvo hópa og fer annar hópurinn í sund fyrir áramót og hinn eftir. Íþróttir eru kenndar í íþróttasal skólans. Í upphafi skóla og út september eru nemendur í útiþróttum.

3.9 List- og verkgreinar

Nemendum er skipt í árgöngum upp í hópa og fer hver hópur í um það bil 6-8 vikur í hverja grein. Þær verk- og listgreinar sem kenndar eru sem sérgreinar í Vesturbæjarskóla eru tónmennt, heimilisfræði, myndmennt, textílmennt og smíði.

3.10 Réttindaráð

Í 12. grein Barnasáttmálans segir að öll börn eiga rétt á að taka þátt og hafa áhrif í málum er varða þau með einum eða öðrum hætti. Með Réttindaráði gefum við börnum skólans tækifæri á að segja sínar

skoðanir og hafa áhrif á skólastarfið. Í Réttindaráði Vesturbæjarskóla sitja tveir nemendur úr 2. - 7. bekk, samtals 12 nemendur, ásamt umsjónarmönnum verkefnisins í skólanum, tveimur foreldrum og aðilum frá Skýjaborgum og Frostheimum. Fundað er að jafnaði tvisvar sinnum í mánuði.

3.11 Frímínútur - Vinaliðir

Nemendur fara út í frímínútur nema með sérstökum undantekningum. Áfram verður unnið með vinaliðaverkefnið þar sem nemendur í 4. – 7. bekk sjá um að skipuleggja leiki í morgunfrímínútum þar sem allir nemendur eru úti á sama tíma.

4. Námsmat

Meginmarkmið skólans er að mat skal vera leiðbeinandi og hvetjandi fyrir nemandann og upplýsandi fyrir foreldra. Nemandinn fær tækifæri til að bera ábyrgð á námi sínu og meta eigin vinnu. Námsmat á að vera órjúfanlegur hluti skólastarfsins. Í Vesturbæjarskóla er notast við leiðsagnarnám þar sem kennarar í daglegu starfi eru sífellt að meta nám nemenda og nemendur að meta sitt eigið nám. Matsaðferðir geta verið margvíslegar, allt frá samtali við nemanda til kannana á ákveðnum þáttum. Matið er fyrst og fremst hugsað til að aðstoða nemandann í náminu. Stuðst er við athuganir sem gerðar eru á stöðu nemandans við skólabyrjun til að skoða framfarir og staðan metin út frá verkefnum, könnunum, kynningum eða prófum sem nemendur hafa nýlega lokið. Námsmat skólans er einstaklingsmiðað. Það þýðir að nemandinn er metinn miðað við stöðu sína í náminu en ekki er miðað við frammistöðu árgangsins.

Námsmat í Vesturbæjarskóla er unnið í Mentor og geta foreldrar fylgst þar með námsframvindu barnsins síns yfir allt skólaárið. Hér til hliðar er hægt að lesa nánar um matskvarðana sem notaðir eru í námsmatinu. Við mælum með því að foreldrar nái sér í Mentor appið fyrir snjallsíma.

4.1 Leiðsagnarnám

Í Vesturbæjarskóla er lögð áhersla á leiðsagnarnám. Í leiðsagnarnámi velta nemendur reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skuli stefna. Nemendum þarf að vera ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu.

4.2 Sjálfsmat

Tvisvar sinnum á skólaári gera nemendur ásamt foreldrum sjálfsmat. Sjálfsmatið er unnið fyrir samráðsfundi í október og janúar. Á samráðsfundum meta kennarar, foreldrar og nemendur stöðuna og koma sér saman um markmið sem stefnt er að. Með sjálfsmati leggja nemendur mat á eigin frammistöðu og getu sem virkjar nemendur til þátttöku og ábyrgðar á námi sínu.

4.3 Sýnishorn

Kennarar nota svokallaða sýnishornamöppu sér til aðstoðar við matið. Inn í þá möppu fara sýnishorn af vinnu nemenda og nýtist hún vel til að meta framfarir t.d. í sögugerð og skrift. Kennarar taka sýnishorn af vinnu nemenda tvisvar til þrisvar á vetri og safna saman í möppu. Þegar nemendur hætta í skólanum fá þeir möppuna afhenta á útskriftarhátíð 7. bekkjar.

4.4 Mikilvægir þættir

Á skólaslitadaginn fá nemendur afhenta mikilvæga þætti. Þeir lýsa lykilhæfni sem skilgreind er í Aðalnámskrá grunnskóla þar sem metnir eru meðal annars þættir um hæfni til tjáningar, gagnrýnnar hugsunar, hæfni til samstarfs við aðra, sjálfsþekkingar, ábyrgðar og sjálfstæðis og frumkvæðis. Kennarar gefa nemendum einnig umsögn og er markmiðið að hún leiðbeini nemandanum og styrki um leið sjálfsmynd hans.

5. Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar eru:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

Grunnþættir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það. Grunnþættirnir byggjast á því viðhorfi sem kemur fram í löggjöf um skóla, að unnið sé bæði að samfélagslegum markmiðum og markmiðum er varða menntun sérhvers einstaklings. Þeir eru samfélagsmiðaðir þar sem þeim er ætlað að stuðla að auknu jafnrétti og lýðræði og að vinna að því að samfélagið fái vel menntað og heilbrigt fólk, bæði til þátttöku í að breyta samfélaginu til betri vegar og til þeirra starfa sem unnin eru í samtímanum. Grunnþáttunum er ætlað að undirstrika meginatriði í almennri menntun og stuðla að meiri samfellu í öllu skólastarfi. Þegar skólastarf er metið þarf að skoða hvernig grunnþættirnir setja mark sitt á kennslu, leik og nám.

Grunnþættirnir eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag og vera sýnilegir í skólastarfinu öllu. Grunnþættirnir fléttast inn í námskrár á öllum skólastigum og miðar efnisval, inntak náms, kennslu og leiks af þeim.

Í námskrá er kynnt áætlun um það nám og kennslu sem stefnt er að fari fram á skólaárinu í árganginum. Lýst er áherslum í hverri námsgrein árgangs og flokkað eins og tilheyrir hverju námssviði. Megintilgangur er að skýra þær væntingar og áherslur sem eru í náminu svo stefnt sé að sameiginlegu markmiði í skólastarfinu sem öllum sé ljós. Í einhverjum tilvikum fá sumir nemendur sérstakt námsefni sem hæfa þeim betur en námsefni árgangs og fá því sína eigin námskrá sem er nefnd einstaklingsnámskrá. Einstaklingsnámskrá er unnin í samvinnu kennara, deildarstjóra stoðkennslu og aðstandenda nemanda.